

**Mál nr. 306/2021****M og  
V1 v/ ábyrgðartryggingar flutningabifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og  
V3 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar D****Áræktur á Reykjanesbraut til norðurs við Arnarnesveg þann 15.4.2021.****Gögn**

Málskot, móttækið 13.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 24.8.2021.

Bréf V2, dags 1.9.2021.

Bréf V3, dags 10.9.2021.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var A ekið norður Reykjanesbraut og sveigt inn á frárein í átt að Arnarnesvegi á eftir D sem var með hjólhýsi, E, í eftirdragi. Á aðreininni var dregið úr hraða D sem varð til þess að A var sveigt að nýju inn á hægri akei Reykjanesbraut þar sem B var ekið í norðurátt. Var þá B sveigt til hægri inn á aðreinina og rakst þá hægra framhorn B á vinstra afturhorn E. Bjart var af degi, blautt færi og rigning þegar árækturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir D með akstursstefnu að Arnarnesvegi. Skyndilega hafi verið dregið úr hraða D og hún stöðvuð á fráreininni. Hafi hann rétt náð að aka aftur inn á hægri akei Reykjanesbrautar til að forðast að aka aftan á E. Stuttu seinna hafi hann heyrt högg og þá séð í baksýnisspegli að áræktur hafi orðið fyrir aftan sig.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 80-85 km hraða á klst. á eftir A sem hafi verið beygt til hægri inn á fráreinina að Arnarnesvegi. A hafi svo skyndilega verið ekið aftur til vinstri inn á akeinina sem hún ók eftir. Hún hafi þurft að snarhemla til að aka ekki aftan á A og hafi gripið til þess ráðs að beygja til hægri inn á fráreinina til að forðast áræktur. Þá hafi hún ekið aftan á E sem hafi verið kyrrstætt á akbrautinni. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir E áður en árækturinn varð.

Ökumaður D kvaðst hafa ekið norður Reykjanesbraut á hægri akei og þá heyrt skruðninga og haldið að nefhjólíð á E væri komið niður. Hafi hann því gefið stefnuljós til hægri og farið út í kant til að athuga með það. Flutningabíl hafi þá verið ekið fram úr og allt í einu hafi svo bifreið lent á afturhorni E. Hafi D þá verið nánast kyrrstæð.

**Álit.**

Ljóst er af gögnum málsins að ökumaður A sveigði bifreið sinni til vinstri inn á hægri akei Reykjanesbrautar að nýju til að afstýra því að aka aftan á E þegar dregið var úr hraða D sem dró E. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þessarar skyldu gætti ökumaður A ekki þar sem hann gat ekki stöðvað A í tæka tíð þegar dregið var úr hraða D og E fyrir framan hann. Til að forðast áræktur var hann nauðbeygður til að beygja undan og aka aftur inn á hægri akei Reykjanesbrautar án þess þó að huga að þeirri hættu sem það kunni að valda þeim vegfarendum sem á sama tíma áttu leið um akeinina eins og raunin var með ökumann B. Í ljósi þessa telst ökumaður A eiga sök á árekstrinum. Eins og atvikum var háttað er ekki efni til að leggja sök á ökumenn B og D. Hvílir því öll sök á ökumanni A.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alls sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.